

Reglur um úthlutun styrkja menningarmálanefndar

1. gr.

Auglýst er eftir umsóknum um verkefnastyrki í nóvember og er styrkjum úthlutað í febrúar ár hvert.

2. gr.

Umsóknir skulu berast á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem vistað er á heimasíðu sveitarfélagsins <http://www.hornafjordur.is> undir stjórnslá. Henni skulu fylgja ársreikningar félagasamtaka og kostnaðaráætlun verkefnis.

3. gr.

Verkefnastyrkir eru veittir til einstaklinga, félaga og samtaka er vinna að verkefnum sem falla undir fagsvið menningarmálanefndar.

4. gr.

Verkefnastyrkir eru veittir til ákveðinna skilgreindra verkefna.

5. gr.

Menningarmálanefnd lítur sérstaklega til þeirra sem sýna í umsókn sinni fram á að um verkefni er að ræða sem ekki hefur komið til framkvæmda áður í sýslunni.

6. gr.

Styrkir vegna einstakra viðburða eða verkefna skal ekki greiða út fyrr en að þeim loknum eða að fullu er fyrirséð að af þeim verði.

7. gr.

Menningarmálanefnd getur kallað ábyrgðarmann umsóknar á sinn fund og farið fram á nánari upplýsingar ef þurfa þykir. Einnig getur menningarmálanefnd falið forstöðumanni að afla frekari upplýsinga varðandi umsóknir og verkáætlun.

Samþykkt á fundi menningarmálanefndar Hornafjarðar. 17. október 2017

Samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar. 9. nóvember 2017

Björn Ingi Jónsson bæjarstjóri.